



**Markaðsstofa
Suðurlands**

Fundargerð

5. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 föstudaginn 13. desember 2019, haldinn í Fjölheimum, Selfossi.

Boðaðir:

Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Forföll:

Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Kynning/upplýsingar um það helsta frá World Travel Mart
- Verkefni sl. mánuða og framundan
- Innra starf MSS
- Önnur mál

Kynning/upplýsingar um það helsta frá World Travel Mart

Framkvæmdastjóri sótti World Travel Mart í byrjun nóvember og sótti þar fjölmarga fyrirlestra um það sem er efst á baugi í ferðaþjónustunni í dag. Hún kynnti það helsta sem kom fram í þeim fyrirlestrum sem hún sótti.

Verkefni sl. mánuði og framundan

Markaðs – og kynningamál

Vörumerkjahandbók

***Framundan** er áframhaldandi vinna við að fylgja eftir og innleiða í allt kynningarefni.*

Nýtt kynningarefni út frá nýrri ásýnd

South Iceland Magazin er tilbúið og var prentað í 2000 eintökum. Tímaritið er aðallega hugsað fyrir sýningar og viðburði en einnig fyrir aðila að nýta samhliða sínu efni t.a.m. geta hótél nýtt á sýningum. Með því að samnýta svona efni mætti spara kostnað og pappír.

***Framundan** er að skoða annað kynningarefni í samhengi við rekstraráætlun næsta árs.*

Kortaútgáfa/prentað efni

Reynt var að finna sem sanngjarnasta skiptingu milli svæða og reikningar sendir á öll sveitarfélög.

***Framundan** er kynning á tímariti.*

Myndbandsverkefni

Unnið hefur verið að gerð þriggja kynningarmyndbanda (Energy, power og purity) og eru þau nánast tilbúin. Ófullgert myndband sýnt.

***Framundan** er að gera birtingaráætlun auk þess að undirbúa næsta myndbandaverkefni og nýtingu á núverandi efni til áframhaldandi efnissköpunar. Þá er verið að skoða nýtt verkefni í tengslum við áttavita, skoða fjármagn í slíkt sérverkefni og kanna hvort það rúmist í rekstraráætlun næsta árs. Ný hugmynd um fjármögnun sem þarf að skoða nánar.*

Vefsíða

Enn meiri áhersla á vefinn og er vinnuhópur innan MAS að störfum við uppfærslur. Rætt hefur verið að fjármagn sem áður fór til upplýsingmiðstöðva skili sér inn á svæðin og jafnvel í þessa vinnu. Ákveðið var að halda áfram með Siteimprove á næsta ári, mikilvægt tæki í greiningu og ákvarðanir varðandi vefinn. Heimsóknir á vefinn hafa aðeins dregist saman en það er líklega eðlilegt miðað við samdrátt í greininni. Gagnagrunnur Ferðamálastofu er lykiltríði í næstu skrefum við þróun vefsins og hefur Ferðamálastofa samþykkt tilboð og hafið vinnu við þróun á nýjum grunni. Taka þarf mið af honum við vinnu að þróun á nýjum landslutavefum. Innri síða Markaðsstofunnar verður í áframhaldandi endurskoðun og þarf að vinna samhliða að endurskoðun kynningarbæklings. Stjórnarmaður leggur til að kannað verði hvort hægt sé að kaupa lénið visitsouth.is.

***Framundan** er áframhaldandi vinna í núverandi síðu, innihaldi og framsetningu.*

Samfélagsmiðlar

Samningum var sagt upp við Sahara frá og með áramótum og umsjón samfélagsmiðla tekin inn aftur. Undirbúningur fyrir það og efnissköpun hluti af áherslum sl. missera og gert samhliða áætlanagerð fyrir næsta ár. Myndaverkefni, myndbönd og textar hafa hjálpað til við það. Mikilvægt er að ná betur fram áherslum MSS á þessum miðlum og tengja betur við vefinn. Áhersla verður áfram á Facebook og Instagram en þar hefur náðst góður árangur góður miðað við fjárhæðir í kostun. Einnig verður lagt mat á hvort fara eigi af auknum krafti inn á aðra miðla en það verður skoðað út frá nýjustu straumum og stefnum. Einnig er verið að skoða forrit (Hotsuite) til að nýta við stjórn og vinnslu efnis inn á miðlana.

Sótt var um styrk í Uppbyggingasjóð til að halda samkeppni um skemmtilegar staðreyndir og/eða smásögur frá Suðurlandi en verkefnið fékk ekki styrk.

Framundan er undirbúningur og áætlun fyrir næsta ár þegar við tökum miðlana aftur yfir.

PR/Blaðamannafyrirspurnir/ferðir

Ítalskur sjónvarpsþáttur var á ferð um Suðurland í 7-8 daga. MSS sá um að setja upp ferðaplan fyrir stöðina en talverð vinna fór í það þar sem talsvert var um breytingar á skipulagi. Þá var unnið með faghópnum að Haustfríi fjölskyldunnar á Suðurlandi og fékk það góða umfjöllun á mbl.is, DV, Dagskránni. Einnig eru fleiri fyrirtæki verið að taka þátt og aðrir landshlutar einnig farnir að líta til þessa verkefnis.

Framundan er aframhaldandi vinna við fjölmiðlafyrirspurnir og áætlun næsta árs (einnig með Íslandsstofu).

Sýningar/vinnustofur

Unnið hefur verið að eftirfylgni á VestNorden, þó nokkrir áhugasamir viðmælendur hafa haft samband m.a. ein sem er að hugsa um jól og jólasveina/jólahefðir. Verið er að byggja upp öflugan póstlista erlendra ferðasala sem hægt er að nýta til að senda út fréttir af nýngum og nýjum aðilum.

Fannar sótti vinnustofu á Spáni og voru þrjár borgir heimsóttar, Madrid, Bilbao og Barcelona. Rúmlega 150 ferðasöluaðilar boðuðu komu sína og þóttu vinnustofunnar takast vel. Þeir ferðasöluaðilar sem stoppuðu við voru mjög áhugasamir um Ísland og það sem Suðurland hefur fram að færa sem áfangastaður. Spænski markaðurinn er í svolíttilli sókn og eftirspurn að aukast á alþjóðlegum ferðalögum. Spánverjar leita í minna mæli eftir lúxusferðum og kjósa frekar mannlega og sanna (authentic) upplifun. 38% Spánverja ferðast þrisvar sinnum á ári, auk þess sem eyðsla þeirra til ferðalaga hefur aukist um 12,72% milli ára.

Framkvæmdastjóri sótti World Travel Mart í byrjun nóvember og sótti þar fjölmarga fyrirlestra um það sem er efst á baugi í ferðaþjónustunni í dag. Hún kynnti það helsta sem kom fram í þeim fyrirlestrum sem hún sótti. Ýmsar hugmyndir verða nýttar í markaðsverkefni og við þróun áfangastaðarins.

Framkvæmdastjóri sótti einnig vinnustofu Íslandsstofu í Suður-Ameríku í byrjun desember. Farið var til þriggja borga, Buenos Aires, Sao Paulo og Rio de Janeiro, þar sem haldnar voru 4 vinnustofur. Yfr 90 viðmælendur mættu og var mikill áhugi á Suðurlandi.

*Þá var rætt hvaða sýningar og vinnustofur væru **framundan** á næsta ári. Ákveðið var að taka þátt í Mid-Atlantic og Vestnorden að venju og skoða þátttöku í vinnustofum Íslandsstofu í Norður-Ameríku og Kína.*

Aðildarfyrirtæki - Innra (markaðs)starf

Það eru alltaf einhver fyrirtæki að koma í samstarf og sér í lagi fyrirtæki sem vilja taka þátt í Mannamóti. Verið er að vinna í að fara í sameiginlega markaðssetningu með viðburðastöðum á Suðurlandi, leitað hefur verið til fyrirtækja og um leið verið minnt á notkun á viðburðadagatalinu south.is.

Súpufundir voru haldnir í nóvember þar sem Hæfnisetri ferðaþjónustunnar og Fræðsluneti Suðurlands var boðið að vera með erindi. Þeir voru haldnir á Höfn og Hveragerði auk þess sem fyrirhugað var að halda fund í Vestmannaeyjum en ekki reyndist næg þátttaka.

Fréttir af innra starfinu birtast á vefsíðu, samfélagsmiðlum og fréttabréfi MSS.

Framundan er að undirbúa súpufundi vorsins, vinna áfram í innra starfinu gagnvart nýjum fyrirtækjum og vinna að fréttabréfi á ensku en unnið er að því að efla póstlista erlendra ferðasala útfrá sýningum og vinnustofum.

Áfangastaðaáætlun - áfangastaðastofur

Áfangastaðaáætlun - DMP

Aðgerðaráætlunin er áfram í vinnslu ásamt tengingum við aðrar áætlanir. Stöðufundur haldinn með Ferðamálastofu vegna samninga þar sem farið var yfir grunnstarfsemi MSS og grunninn í vinnu við áfangastaðaáætlun. Send var stöðuskýrsla á framgangi og verkefnum DMP. Verkefnastjóri DMP hefur kallað eftir lista af stöðum sem sveitarfélögin vilja leggja áherslu á vegna úthlutunar úr Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og áfangastaðaáætlun uppfærð samkvæmt því.

Verkefnin „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna“ er í sínum farvegi. Verkefnið um Vitaleiðina er í vinnslu og búið er að halda vinnustofu á þremur stöðum. Þá eru handbækur og viðmið í lokavinnslu.

Sótt var um styrk til Matarauðs Íslands til að vinna að Matarauði Suðurlands og var sú umsókn samþykkt og mun það verkefni því fara af stað af fullum krafti á næstunni. Leitað verður eftir verkefnastjóra.

Framundan er áframhaldandi vinna við áfangastaðaáætlun og eftirfylgni tengd henni, t.d. með stofnunum og sérstökum málefnum. Sérverkefnin halda áfram auk þess að verið er að skoða hugmyndir að nýjum verkefnum.

DMO/áfangastaðastofur

Fundur Atvinnuþróunarfélaga var haldinn á Ísafirði um mánaðarmótin okt/nóv og var framkvæmdastjóri viðstaddur hann. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Ferðamálastjóri, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar og ráðherra ferðamála. Þar var m.a. kynntar hugmyndir að áfangastaðastofum. Beðið verður eftir að heyra hver næstu skref verða þar. Stjórnstöð og Ferðamálastofa héldu svo fund 18. nóvember með stjórn SASS til að kynna verkefnið. Stjórn MSS furðar sig á því að lagt sé til að breyta starfsemi markaðsstofunnar án þess að ræða við stjórn markaðsstofunnar.

Framundan er að vinna áfram að sviðsmynd Suðurlands þegar kemur að stofnun áfangastaðastofa. Þar þarf að líta til fjármagns, tenginga við kerfið (innan og utan svæðis) og fleira.

Samstarf

Markaðsstofur landshlutanna - MAS

Sent var sameiginlegt erindi til ráðherra ferðamála vegna fjármögnunnar eftir 2020 og beðið er svars. MAS fundaði á Ísafirði hjá Vestfjarðastofu í lok október í tengslum við fund Atvinnuþróunarfélaga og Markaðsstofa. Þar var mörg sameiginleg málefni rædd, m.a. ákvarðanir varðandi Mannamót, heimasíðu/gagnagrunn, sýningar/viðburðir á vegum Íslandsstofu og fleira. Samþykkt var að forgangsraða fjármunum 2020 í heimasíður. Einnig voru

rædd erindi um fjármögnun, áfangastaðastofur (DMO) og næstu skref. Rætt var um samstarfið og fjölda funda yfir árið.

Framundan er MAS fundur í janúar þar sem stoðkerfið kemur inn á fund. Mikilvægt að ræða framhaldið, DMO, fjármagn og fleira. Mannamót í undirbúningi hjá verkefnahóp og þar tekur Suðurland stórt hlutverk við skipulag og utanumhald sýningarsvæðis líkt og áður. Verkefnahópur MAS heldur einnig áfram vinnu við nýjan gagnagrunn og heimasíðu.

Íslandsstofa

Mánaðarlegir Skype fundir eru haldnir með Íslandsstofu og unnið saman að PR ferðum. Rætt um herferðir og hefur Íslandsstofa óskað eftir efni í fréttabréf, topp 5 lista og markaðsáætlun/áherslum Suðurlands fyrir næsta ár.

Framundan eru áfram mánaðarlegir fundir, PR verkefni og senda inn efni um markaðsáherslur Suðurlands fyrir 2020.

Ferðamálastofa

Lítill samskipti á tímabilinu önnur en rædd hafa verið undir öðrum liðum. Þó verið send erindi þar sem óskað er eftir fjármagni í heimasíður og vinnu við sviðsmyndagreiningu.

Framundan er samtal og vinna við samninga/fjármögnun og þróun DMO.

Faghópur og sveitarfélög

Erindi um sameiginlega útgáfu korta sent á 3 sveitarfélög, 2 þegar samþykkt. Eitt hefur ekki svarað né tekið fyrir. Þá voru samningar um áframhaldandi samstarf sendir á Árborg og Flóahrepp sem samþykktu að halda óbreyttum samningum til eins árs. Endurnýja þarf samninga við öll sveitarfélögin næsta haust. Fundur var haldinn í faghóp sveitarfélaganna 13. nóvember í Ásahrepp. Þar var óskað eftir tillögum um áhersluverkefni 2020, rætt um samstarf, kortamál og fleira. Að loknum fundi heimsótti hópurinn nokkur fyrirtæki í Ásahrepp. Þá var einnig unnið að Haustfríum á tímabilinu auk þess að önnur verkefni eru á hugmyndastigi.

Framundan eru t.d. faghópsfundir vorsins, vetrarfi fjölskyldunnar í feb/mars, Mid-Atlantic og annað tilfallandi.

SASS

Árþing SASS var haldið í lok október á Geysi en um var að ræða 50 ára afmæli samtakanna. Dagný, Ragnhildur og Laufey sóttu þingið og voru m.a. starfsmenn nefnda. Í tengslum við árþing var framkvæmdastjóri í valnefnd fyrir Menningarverðlaun SASS en Kirkjubæjarstofa var valin í ár og var viðkenning veitt á árþingi.

Annars var ráðgjöf sinnt, fundir setnir, m.a. haustfundur Atvinnuþróunarfélaga (sjá að framan) og jólafundur ráðgjafa með yfirferð verkefna. Klárað var að ganga frá viðbótarsamningnum við SASS á tímabilinu. Unnið hefur verið að Invest á tímabilinu og stefnt á opnun vefs fljótlega. Þá eru áhersluverkefnin tvö í fullri vinnslu, umhverfisvænar ferðaleiðir og samræmdur mynda- og textabanki.

Framundan er áframhaldandi vinna í teyrum, við ráðgjöf og fundi ráðgjafa, m.a. um áherslur næsta árs og fleira. Áfram unnið við sóknaráætlun, áhersluverkefni, Invest og fleira.

Fundir og ráðstefnur

Ýmsir fundir og ráðstefnur sóttar á tímabilinu en þar má t.d. nefna Slysavarnaráðstefna Landsbjargar sem Laufey og Ragnhildur sóttu. Þar er t.d. fjallað talsvert um öryggi ferðamanna. Einnig hélt KPMG og Ferðamálastofa erindi á tímabilinu um arðsemi í greininni (streymi) þar sem mikið var rætt um sameiningu og tæknivæðingu.

Framundan eru ýmsir fundir og ráðstefnur sem starfsfólk skiptir á sig en þó mest framkvæmdastjóri.

Innri mál

Fjármál og rekstur

Nýtt símkerfi var sett upp í Fjölheimum og þurfti að fara í kaup á búnaði því samhliða. Þá var starfs- og rekstraráætlun næsta árs tekin fyrir, markaðshlutinn tekinn sér. Rætt hvort það þurfi aftur að taka upp að láta endurskoða ársreikning, verður skoðað. Ræddar eru dagsetningar fyrir ársfund á komandi ári.

Starfsmannamál

Verið er að skoða gerð starfsmannastefnu. Starfsmaður í 50% starfshlutfalli hættir í janúar og samþykkir stjórn að ráða verkefnastjóra í tímabundið verkefni.

Önnur mál – upplýsingar/ákvaraðanir

Jólin

Framkvæmdastjóri ræðir jólahádegisverð og jólagjafir til starfsmanna. Einnig lokanir milli jóla og nýárs eins og verið hefur.

Skipan í svæðisráð og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs

Ferðamálasamtök Suðurlands eiga að tilnefna fulltrúa í svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Sveinn Hreiðar (aðalmaður) og Rannveig (varamaður) munu halda áfram. Þá var óskað eftir því við ferðamálasamtök Norðurlands, Austurlands og Suðurlands, að þau myndu sameiginlega tilnefna áheyrnarfulltrúa (aðal og vara) í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Aðalmaður kemur frá Austurlandi nú en varamaður frá Suðurlandi.

Fundi slitið